# Skýrsla um Stafrænt ofbeldi gegn konum

**SAMANTEKT** OG **TILMÆLI**
*SEPTEMBER 2024*

**Styrkt af Evrópusambandinu. Skoðanir sem settar eru fram eru hins vegar eingöngu höfundar og endurspegla ekki endilega skoðanir Evrópusambandsins. Evrópusambandið getur ekki borið ábyrgð á þeim.**

## AÐSTANDENDUR:

**Virginia Dalla Pozza**
Aðalhöfundur

**Iliana Balabanova**
Forseti EWL

**Mary Collins**
Framkvæmdastjóri EWL

**Veronica Zaboia**
Verkefnastjóri

**Maria João Faustino**
Vísindaráðgjöf

**Yvonne Redín**
Grafísk hönnun

**Laura Kaun, Irene Rosales, Alexia Fafara, Veronica Zaboia, Maria João Faustino**
Aðrir

Funded by the European Union

EUROPEAN WOMEN'S LOBBY
EUROPEEN DES FEMMES

# SKAMMSTAFANIR

**EIGE**
Evrópustofnun um jafnrétti kynjanna (e. European Institute for Gender Equality)

**ER**
Evrópuráðið (e. Council of Europe)

**ESÞ**
Evrópulöggjöf um stafræna þjónustu (e. Digital Service Act)

**EWL**
Hagsmunasamtök evrópskra kvenna (e. European Women's Lobby)

**FRA**
Evrópustofnun grundvallarmannréttinda (e. European Union Agency for fundamental rights)

**GG**
Gervigreind (e. Artificial Intelligence)

**GREVIO**
Eftirlitsnefnd Evrópuráðsins með Istanbúl-samningnum (e. Group of Experts on Action against Violence against Women and Domestic Violence

**HO**
Heimilisofbeldi (e. Domestic violence)

**KBO**
Kynbundið ofbeldi (e. Gender-based violence)

**LRÞ**
Löggjöf um réttindi þolenda (e. Victims' Rights Directive)

**MSE**
Mannréttindasáttmáli Evrópu (e. European Convention on Human Rights)

**MSNL**
Mjög stórar netleitarvélar

**MSSS**
Mjög stór stafræn samskiptakerfi (e. very large online platforms)

**OFAT**
Ofbeldi framið með aðstoð tækni (e. Technological-facilitated violence)

**OGK**
Ofbeldi gegn konum

**OGKFAT**
Ofbeldi gegn konum framið með aðstoð tækni (e. Technological-facilitated violence against women)

**RÞEÞ**
Rannsóknarþjónusta Evrópuþingsins (e. European Parliament Research Service)

**SDGs**
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

**SO**
Stafrænt ofbeldi (e. Cyber violence)

**SOGK**
Stafrænt ofbeldi gegn konum (e. cyber violence against women)

**SOGKS**
Stafrænt ofbeldi gegn konum og stúlkubörnum (e. Cyber violence against women and girls)

**SÞ**
Sameinuðu þjóðirnar

**UST**
Upplýsingasamskiptatækni (e. Information communication technology)

**VSÞ**
Veitandi stafrænnar þjónustu (e. Digital service coordinator)

# Ofbeldi gegn konum (OGK) er birtingarmynd yfirráða og valda karla yfir konum til að þagga niður í þeim, stjórna lífi þeirra, líkama og kynhneigð og „halda þeim á sínum stað“.

Ofbeldi karla gegn konum tekur á sig margar myndir og er hluti af samfellu ofbeldis sem er innbyggt í feðraveldissamfélagið. Ekki er að finna eitt einasta land í heiminum þar sem konur og stúlkur eru lausar undan ofbeldi karla né neitt svið í lífi konu þar sem hún býr ekki við ógn um eða verður fyrir ofbeldisverkum karla.

Stafræni heimurinn er engin undantekning frá þessu. Gögn frá Evrópustofnuninni um jafnrétti kynjanna (e. European Institute for Gender Equality (EIGE))[1] sýna að tíunda hver kona hefur þegar orðið fyrir einhverskonar stafrænu ofbeldi frá 15 ára aldri.

Til að ná fram réttlæti í baráttunni gegn stafrænu ofbeldi er þörf á öflugum og alþjóðlegum ráðstöfunum, bæði lagalegum og í stefnumörkun, þar sem netheimar ná yfir öll landfræðileg mörk. Þörf er á heildrænni nálgun sem felur í sér lagaleg tæki til að koma í veg fyrir stafrænt ofbeldi (SO) og áhrifaríka vernd þolenda, ábyrgð tæknifyrirtækja sem og samræmd viðbrögð til að vinna gegn kynjahyggju og menningarlegum viðmiðum um yfirburði karla yfir konum. Jafnframt er nauðsynlegt að takast á við klámiðnaðinn. Það er aldrei á ábyrgð kvenna að koma í veg fyrir ofbeldi karla gegn konum.

Þetta skjal er útdráttur úr „Skýrslu um stafrænt ofbeldi gegn konum: samantekt stefnumörkunar og tilmæli“ („Report on Cyberviolence Aagainst Women: Policy Overview and Recommendations“) frá European Women's Lobby (EWL), sem er fáanleg á ensku.

Skýrslan er órjúfanlegur hluti af markmiðum, framtíðarsýn og meginreglum EWL: Kvenréttindi eru mannréttindi, samstaða, sjálfræði, þátttaka og án aðgreiningar.

## MARKMIÐ SKÝRSLUNNAR/GREINAGERÐARINNAR OG AÐFERÐIR

Í framhaldi af #HerNetHerRights report & Resource Pack[2] frá 2017, er markmið þessarar skýrslu að veita stefnumótendum og öðrum hagsmunaaðilum ráðleggingar til að vinna gegn stafrænu ofbeldi gegn konum (SOGK).

Skýrslan hefur fimm meginmarkmið:

- Að veita innsýn í SOGK og helstu eiginleika þess.
- Að skoða laga- og stefnuramma um SOGK á alþjóða-, ESB- og á landsvísu;
- Að þekkja helstu áskoranir á sviði SOGK;
- Að sýna dæmi um góða starfshætti þegar kemur að því að taka á SOGK;
- Að setja fram ráðleggingar fyrir stofnanir ESB og aðildarríkin til að takast á við SOGK á áhrifaríkan hátt.

Rannsóknin sem liggur til grundvallar þessari skýrslu fór fram á tímabilinu mars-maí 2024. Eftirfarandi rannsóknaraðferðir voru notaðar:

- **Skrifborðsrannsóknir:** Ítarleg skrifborðsrannsókn var gerð og náði yfir margs konar viðfangsefni, þar á meðal eldri rannsóknir, skýrslur, greinar, vefsíður, gagnagrunna og verkefni um SOGK sem gefin hafa verið út af alþjóðlegum og staðbundnum aðilum og einnig innan ESB.
- **Laga- og stefnuendurskoðun** : Gerð var ítarleg yfirferð á laga- og stefnuskjölum á vettvangi ESB, á alþjóðavettvangi og innan aðildarríkja ESB til að kortleggja laga- og stefnugerninga sem gætu átt við um SOGK.
- **Samráð við hagsmunaaðila**: Til að kanna sértæk þemu skýrslunnar var haft samráð við fimm lykilhagsmunaaðila á mismunandi sviðum (fræðasamfélagi, stofnunum og félagasamtökum).



# STAFRÆNT OFBELDI GEGN KONUM
## (SOGK)

Stafrænt ofbeldi (SO) er notkun stafrænnar tækni og samskiptatækni til að valda, auðvelda eða hóta ofbeldi gegn einstaklingum.[3] Skilgreiningar á SO eru talsvert mismunandi, ekki aðeins milli landa heldur einnig milli lykilaðila á sviðinu, og með þeim afleiðingum að ólík hugtök og ólík aðferðafræði hafa verið notuð til að mæla SO. Stafrænt ofbeldi gegn konum (SOGK) er ein **tegund kynbundins ofbeldis**.[4] Sýnt hefur verið fram á að SO hefur skýra **kynjavídd**: konur eru líklegri til að verða fyrir sérstökum gerðum kynbundins ofbeldis á stafrænu formi, sem fylgir svipuðu mynstri og ofbeldi gegn konum (OGK) í raunheimum.[5] **SO byggir á sömu forsendum kynjamisréttis og OGK í raunheimum**.[6] Stafræn rými styrkja og efla **kerfisbundið kynjamisrétti** sem og mynstur skaðlegrar karlmennsku sem undirbyggir og eflir allt OGK.[7]

Eins og ráðgjafarnefnd um jöfn tækifæri kvenna og karla (Advisory Committee on Equal Opportunities for Women and Men) hefur komist að[8] og samkvæmt EWL, er SO hluti af samfellu OGK; það er og verður ekki til í tómarúmi heldur stafar það af og viðheldur margvíslegum tegundum ofbeldis utan stafræna rýmisins.[9] Í reynd er stafrænt ofbeldi og ofbeldi í raunheimum oft tengt eða samtvinnað.[10]

Þó að SOGK sé jafn skaðlegt og ofbeldi utan stafræna rýmisins, þá hefur það einnig sérstöðu sem aðgreinir það frá öðrum gerðum OGK og gerir það sérlega hættulegt. SOGK hefur **víðtæka útbreiðslu, dreifingu og hraða** sem gerir það að verkum að erfitt er að stjórna hvers kyns upplýsingum dreift er með stafrænum hætti. Sú **aukna nafnleynd** sem stafræn rými bjóða upp á gerir notendum kleift að haga sér refsilaust og án ábyrgðar. **Erfitt er að eyða stafrænu efni** og því veldur það **ítrekuðu áfalli** fyrir þolendur.

**Gerendur SOGK** geta verið makar eða fyrrum makar þolenda, fjölskyldumeðlimir, vinir eða nafnlausir einstaklingar. **Áhrif SOGKS geta verið jafn alvarleg og ofbeldi í raunheimum.**[11] Þolendur draga sig oft út úr stafræna rýminu, upplifa þöggun, einangrun og tækifærismissi, t.d. þegar kemur að menntun, starfsferli og stuðningsneti.[12]

# HELSTU BIRTINGARMYNDIR SOGK

Skýrslan fer yfir helstu birtingarmyndir SOGK sem ætti ekki að líta á sem aðskilda flokka þar sem hver birtingarmynd SO er tengd öðrum birtingarmyndum, bæði í raunheimum og á netinu, í samræmi við hugtakið samfella ofbeldis. Í skýrslunni er gengið út frá þeirri staðreynd að birtingamyndir stafræns ofbeldis eru í stöðugri þróun, í takt við hraða þróun stafræns umhverfis.

## ALGENGUSTU BIRTINGARMYNDIR:

Gögn um algengustu birtingarmyndir SO eru margs konar milli rannsókna og fara eftir aðferðafræði og landfræðilegu svæði sem litið er til sem og skilgreiningum á SO sem notaðar eru. Samt virðist sem stafræn áreitni, stafrænt umsáturseinelti, dreifing kynferðislegs myndefnis án samþykkis og hatursorðræða séu útbreiddustu form SO.[13]

## BIRTINGARMYNDIR SEM AUKIN ÓGN STAFAR AF:

Meðal hinna ýmsu birtingarmynda hefur **notkun gervigreindar (GG), sýndarveruleika og tölvuleikir á netinu** orðið sífellt meira ógnandi fyrir konur. Notkun gervigreindar fylgir mikil **aukning á stafrænum kynferðislegum fölsunum (sk. djúpfalsanir eða „deepfakes“).**[14] Eins og greint var frá í rannsókn RÞEÞ árið 2021 er þróun gervigreindarverkfæra sem skapa stafrænar kynferðislegar falsanir hröð og þau verða ódýrari, öflugri og aðgengilegri dag frá degi.[15] *Global Risks Report 2024*[16] frá World Economic Forum hefur metið misupplýsingar (e. misinformation) sem eru aðallega knúnar áfram af djúpfölsunum í efsta sæti yfir alvarlegar skammtímaáhættur sem heimurinn stendur frammi fyrir næstu tvö árin.

**Kynjavídd fyrirbærisins kemur fram með mjög skýrum hætti**. Kynferðislegar stafrænar falsanir beinast nær eingöngu að konum.[17] Í reynd er meirihluti djúpfalsaðra myndbanda sem nú eru í dreifingu á netinu, nektar- eða kynferðislegar myndir af konum. Áætlað hefur verið að á milli 90% og 95% allra „djúpfalsanna“ sé efni sem sýnir nekt eða kynferðislega athafnir.[18] Jafnframt sýnir mikill meirihluti þessara „djúpfalsana“ (90%) konur.[19]

Á sama hátt er **þrívíddarhreyfimyndatækni (e. 3D animation)** í auknum mæli fær um að búa til myndbönd af svipuðum gæðum og „djúpfölsunar”-tækni sem byggð er á gervigreind.[20] Sum djúpfölsunarforrit sameina jafnvel gervigreindarmyndsköpun og þrívíddarhreyfimyndir; eftirtektarverðast er **manngervingstækni (e. avatar technology)** sem hreyfir þrívíddarlíkön af höfði einstaklings eða allan líkamann. Notkun þrívíddarmanngervings hefur breiðst út í sýndarveruleikanum þar sem **fjöldi truflandi frásagna um konur sem verða fyrir kynferðisofbeldi og áreitni af hálfu þrívíddarmanngervinga hefur aukist.**[21]

Eftir því sem fleiri konur ganga til liðs við netleikjasamfélög, segja þær jafnframt frá því að þær verði fyrir mikilli kynferðislegri áreitni á netinu. Leikjasamfélög á netinu eru álitin það netumhverfi þar sem misrétti gegn konum er mest. [22]

# Karlhvelið (e. manosphere) er stafrænt net karlasamfélaga sem hvetur til ýmissa réttinda og hagsmuna karla og ýtir á sama tíma undir hugmyndafræði kynjamisréttis og andfemínísk og karlrembuviðhorf.

## FJÖLVA-BIRTINGARMYNDIR (E. MACRO FORMS):

Þrátt fyrir að birtingarmyndir SOGK séu fjölmargar og skilgreindar á mismunandi hátt milli landa og hagsmunaaðila, má bera kennsl á nokkra yfirflokka SOGK. Þetta eru þeir sem falla undir fyrstu Evróputilskipunina um OGK sem samþykkt var í apríl 2024: Dreifing nektar- eða kynferðislegs myndefnis án samþykkis, stafrænt umsátursreinelti, stafræn áreitni og stafræn hvatning til ofbeldis eða haturs.

## FREKARI BIRTINGARMYNDIR:

kýrslan lýsir einnig frekari birtingarmyndum SO (t.d. óviðeigandi leitarvélabestun (e. google bombing), sæljónun (e. sealioning) osfrv.). Listinn er ekki tæmandi í ljósi þess að nýjar birtingarmyndir koma stöðugt fram með aukinni notkun og þróun stafrænna miðla og hraðri tækniþróun. Undir hatti frekari birtingarforma er karlhveli (e. manosphere) og klámi lýst.

**Karlhvelið** (e. manosphere) er stafrænt net karlasamfélaga sem hvetur til ýmissa réttinda og hagsmuna karla og ýtir á sama tíma undir hugmyndafræði kynjamisréttis og andfemínísk og karlrembuviðhorf. Þeir kenna konum og femínistum um alls kyns vandamál í samfélaginu. Mörg þessara samfélaga hvetja til gremju eða jafnvel haturs í garð kvenna og stúlkna.[23] **Klám** ýtir undir skaðlegar staðalímyndir með því hvernig konur eru sýndar. Framleiðsla og sala á klámi felur í sér og hvetur til OGK og gegnir lykilhlutverki í að móta hugmyndir karla og kvenna um sambönd. Að auki gerir klám ofbeldi „kynþokkafullt“. Tölur sýna nauðgunartíðni er hærri í ríkum þar sem dreifing klámtímarita er meiri. [24]

# ALGENGI

**Skortur á sameiginlegum skilgreiningum á SO og aðferðafræði við mælingar gerir það sérstaklega erfitt að meta umfang vandans.**[25] Þrátt fyrir skort á gögnum og mismunandi aðferðafræði hafa **nokkrar tilraunir verið gerðar til að mæla SO bæði alþjóðlega og á vettvangi ESB.**

Á **heimsvísu** tók alþjóðleg skýrsla[26] saman niðurstöður úr könnunum á OGKS á netinu, frá 2018 og áfram, og sýndi að  á milli 16-58% kvenna hafi upplifað SOGK. Jafnframt hefur rannsóknardeild Economist tímaritsins (Economist Intelligence Unit) komist að því að 38% kvenna hafa persónulega reynslu af stafrænu ofbeldi og 85% kvenna sem nota veraldarvefinn hafa orðið vitni að stafrænu ofbeldi gegn öðrum konum. [27]

**Mikill skortur á gögnum og rannsóknum á SOGK er einnig viðamikil áskorun innan ESB**. Tilraunir til að ákvarða algengi sumra tegunda SOGK voru gerðar af Evrópustofnun grundvallarmannréttinda (e. Fundamental Rights Agency (FRA)) á árunum 2014 og 2019.[28] Könnun FRA 2019[29] leiddi í ljós að 13% kvenna höfðu lent í stafrænu umsáturseinelti á undangengnum fimm árum. Önnur áhugaverð gögn koma úr könnun HateAid frá 2021.[30] Í könnuninni voru 2.000 einstaklingar á aldrinum 18 til 80 ára frá öllum löndum ESB spurðir um reynslu þeirra af stafrænu ofbeldi. Niðurstöðurnar benda til þess að 50% ungmenna (18-35 ára) í ESB verði fyrir áhrifum af hatri á internetinu, að 30% kvenna í ESB óttast að fölsuðu nektar- eða kynferðislegu myndefni af þeim sé deilt án þeirra samþykkis og að 80% svarenda gefa stafrænum samskiptakerfum (e. Online platforms) lélega einkunn.[31]

Í Þýskalandi, Frakklandi og á Spáni, eru fleiri en ein af hverjum tveimur (53%) konum á aldrinum 18-34 þolendur myndræns ofbeldis eða áreitni. 82% þolenda sögðust vera óöruggari í kjölfarið og sumar vildu hætta alfarið á netsvæðum.[32] Í Frakklandi segjast fleiri en fjórar af hverjum tíu konum hafa verið þolendur stafrænnar áreitni. [33]



# KYNJAVÍDD SO

**Stafrænt ofbeldi hefur kynjavídd**. Samkvæmt skýrslu FRA frá 2023[34] em fjallar um hatur á netinu í færslum á samfélagsmiðlum, **verða konur fyrir meiri áreitni á netinu en nokkur annar samfélagshópur innan rannsóknarinnar** (fólk af afrískum uppruna, gyðingar og rómafólk). Á sama hátt kom fram í bandarískri rannsókn að 33% kvenna undir 35 ára sögðust hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni á netinu, samanborið við 11% karla.[35] Jafnframt vekur GREVIO[36] athygli á að bæði karlar og konur geti orðið fyrir ofbeldi af hendi einstaklinga, stafrænu og í raunheimum, en hins vegar **eru konur töluvert líklegri til að verða fyrir endurteknu og alvarlegu ofbeldi og áreitni**.

Þó að allar konur sem hafa aðgang að stafrænum rýmum séu útsettar fyrir hættu á SO eru **sumir hópar kvenna sérstaklega viðkvæmir**. Stafrænt kynbundið OGK getur verið mjög áberandi fyrir konur og stúlkur sem eiga á hættu, eða verða fyrir **samtvinnaðri mismunun** og SOGK getur orðið alvarlegra vegna þátta eins og fötlunar, hinseginleika, pólitískra tengsla, trúarbragða, félagslegs uppruna, innflytjendastöðu, aldurs eða af því að vera þekktar.[37] **Konur sem eru áberandi í þjóðfélaginu þar á meðal kvenréttindakonur, kvenkyns mannréttindaverðir, konur í stjórnmálum og fjölmiðlakonur eru líka oft skotmörk SO**.[38]

# GERENDUR

Bæði konur og karlar geta framið SOGK. Hins vegar eru **konur í flestum tilfellum skotmörk karla sem þolandinn annaðhvort þekkir eða þekkir ekki**.[39] Til dæmis eru karlmenn yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem beita kynferðisofbeldi sem byggir á myndefni.[40] **Gerendur geta verið einn eða fleiri**. Í ljósi þeirrar staðreyndar að tæknin gerir kleift að dreifa skaðlegu efni hratt og auðveldlega, ætti að bera kennsl á bæði **aðal- og aukagerendur**. Til dæmis getur einn einstaklingur deilt persónulegri mynd án samþykkis (aðalgerandi) sem síðan er hægt að skoða og deila af fjölmörgum notendum (aukagerandi).[41]



## ÁHRIF SOGK Á KONUR

### SOGK er oft talið minna alvarlegt og minna skaðlegt form KBO en engu að síður getur það haft jafn alvarlegar afleiðingar á heilsu og líf kvenna eins og líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi í raunheimum.

Opinbert, útbreitt síendurtekið eðli SOKG sem hverfur ekki ásamt þeirri tengingu sem er á milli stafræns ofbeldis á netinu og ofbeldis í raunheimum, gera það að verkum að þolendur geta fundið fyrir stöðugum ótta og óöryggi. [42]

GREVIO tiltekur **alvarleg sálfræðileg, efnahagsleg og félagsleg áhrif SOGK**. Auk áhrifa á einstaklingsbundnum og samfélaglegum vettvangi er jafnframt um að ræða **umtalsverðar fjárhagslegar afleiðingar af SOGK** eins og kostnað við heilbrigðisþjónustu sem hlýst af ofbeldinu, skertum starfsmöguleikum, atvinnumissi og veikindaleyfum. Rannsókn RÞEÞ leiddi í ljós að heildarkostnaður einstaklinga og samfélagsins vegna stafrænnar áreitni og umsáturseineltis var á bilinu 49,0 til 89,3 milljarðar evra.[43]

**Áhrifin á konur í stjórnmálum og fjölmiðlum eru sérlega skaðleg**. Þær fyrrnefndu hafa tilhneigingu til að draga úr pólitískum umsvifum, vera tregari til að bjóða sig fram aftur í kosningum og yfirgefa jafnvel pólitískar stöður áður en kjörtímabili lýkur.[44] Alvarleg áhrif sjást einnig hjá fjölmiðlakonum. Rannsókn leiddi í ljós að 30% kvenna í fjölmiðlum sem rætt var við, stunduðu sjálfsritskoðun á samfélagsmiðlum vegna stafræns OGK.[45] Þetta leiðir til þess að SOGK takmarkar þátttöku kvenna og forystu á opinberum vettvangi; **Raddir kvenna eru þaggaðar niður, vanvirtar og ritskoðaðar.**

# LAGALEGIR OG STEFNUMARKANDI INNVIÐIR SOGK

## Á ALÞJÓÐAVETTVANGI

Á **alþjóðavettvangi** hafa Sameinuðu þjóðirnar (Sþ) og Evrópuráðið (CoE) fjallað um SOGK. Helsti lagagerningurinn er samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi (**Istanbúlsamningurinn**).[46] ESB gerðist aðili að Istanbúlsamningnum í júní 2023, sex árum eftir undirritun hans, þannig að samningurinn tók gildi innan ESB 1. október 2023.[47] Þrátt fyrir fullgildingu ESB hafa fimm aðildarríki ESB[48] ekki enn fullgilt hann.

Þó að samningurinn vísi ekki til SOGK nær gildissvið hans eins og það er skilgreint í 2. gr. til stafræns ofbeldis, á netinu og með upplýsingatækni. Þar að auki eiga greinar um kynferðislega áreitni (gr. 40) og umsáturseinelti (gr. 34) við um SOGK. Samninginn skal túlka í ljósi **almennra tilmæla GREVIO nr. 1**[49] sem flokkar stafrænar birtingarmyndir OGK sem tjáningu á kynbundnu ofbeldi (KBO) sem fellur undir Istanbúlsamninginn.

## Á VETTVANGI ESB

Á **vettvangi ESB** er helsti lagagerningurinn **tilskipun 2024/1385 um baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi**[50] sem samþykkt var af þingi ESB og Evrópuráðinu í apríl 2024. Hið síðarnefnda inniheldur fjórar greinar um SOGK: 5. grein um miðlun á kynferðislegu eða meðhöndluðu efni án samþykkis; 6. grein um stafrænt umsáturseinelti; 7. grein um stafræna áreitni og 8. grein um stafræna hvatningu til ofbeldis eða haturs. Tilskipunin setur einnig fram réttindi þolenda hvers kyns OGK eða HO og kveður á um vernd þeirra. [51]

Tilskipunina má líta á sem **mikilvægt skref fram á við til að vernda konur og stúlkur betur gegn OGK**. Þar er að finna **verulega framför** í því að leitast við að setja lágmarksreglur varðandi þessar birtingarmyndir SO.[52] Einn af styrkleikum tilskipunarinnar er að með aðeins einu verkfæri nær hún yfir bæði stafrænt ofbeldi og ofbeldi í raunheimum. Jafnframt er fjallað bæði um tilfelli þar sem þolandinn þekkir gerandann (t.d. umsáturseinelti, áreitni) og þar sem fórnarlambið þekkir ekki geranda (t.d. hatur, djúpar falsanir o.s.frv.).

Þrátt fyrir styrkleika sína **er tilskipunin ekki gallalaus og hefur sætt gagnrýni**. Til dæmis vísar 5.-8. gr. tilskipunarinnar um SOGK til ásetnings. Þetta orðaval veldur nokkrum lagalegum áskorunum í ljósi þess að sanna þarf ásetning verknaðarins. Það **leggur „íþyngjandi“ sönnunarbyrði á þolendur SO**, sérstaklega með hliðsjón af flókinni nýrri tækni sem notuð er til að fremja SO og þeirrar staðreyndar að þolendur getur skort hæfni á sviði upplýsinga- og samskiptatækni (UST). Ennfremur vísa 5., 6. og 7. gr. til „alvarlegs tjóns“. Þetta skilyrði skapar réttaróvissu fyrir þolendur milli og innan landa og lætur dómstólum eftir að ákveða hvort þessi háttsemi sé refsiverð. Þessi uppsetning byggir á skorti á meðvitund um skaðsemi SO. [53]

Ennfremur vísa 5. og 7. gr. til þess að gera tiltekið efni aðgengilegt **„almenningi“** með upplýsingatækni. Í frásögn (e. Recital) 18 í þessari skýrslu í samhengi við 5. grein, er túlkun á hugtakinu „almenningur“ í höndum dómarans í samræmi við aðstæður og tækni sem notuð er og **gæti þannig**

**mögulega útilokað til dæmis Whatsapp hópa**. Í frásögn 26 í samhengi við 8. gr. segir að „almenningur“ skuli í stað þess skiljast þannig að hugtakið nái til ótakmarkaðs fjölda notenda. Víðtækara hugtakið „aðrir notendur“ eins og ESB-þingið lagði til, hefði verið æskilegt eins og EWL lagði áherslu á. [54]

**B-liður 5. gr. um miðlun án samþykkis á meðhöndluðu efni hefur einnig takmarkað gildissvið**; Það á aðeins við um efni þar sem einstaklingurinn virðist vera **„í kynferðislegum athöfnum“. Þess vegna útilokar það nektarmyndir og undanskilur þannig stóran hluta kynferðislegra stafrænna falsana**. Auk þess gæti það sem telst vera verið „kynferðislegar athafnir“ líklega verið töluvert breytilegt milli aðildarríkjanna og valdið skilgreiningarruglingi.

Tilvísanir í undantekningar tengdar **„tjáningarfrelsi“** og **„frelsi lista og vísinda“** í 5. grein og frásögn 20 vekja einnig ugg þar sem þær gætu verið notaðar til að réttlæta miðlun kynferðislegs efnis án samþykkis. Þessar innfellingar gætu dregið úr áhrifum þessarar greinar með því að fela dómsmálayfirvöldum að ákveða um hvort refsivert sé að deila nektar- eða kynferðislegum myndum án samþykkis eða ekki. Samkvæmt EWL ætti hugmyndin um tjáningarfrelsi ekki að verða leið til að réttlæta nethatur og kynbundna mismunun. [55]

Í 23. grein tilskipunarinnar um OGKS og HO er kveðið á um að **skaðlegt efni verði fjarlægt án tafar;** slík ráðstöfun er viðbót við aðgerðir samkvæmt öðru lykilverkfæri á stafræna sviðinu, **Evrópulögum um stafræna þjónustu (ESÞ).**[56] Hið síðarnefnda, samþykkt í október 2022, miðar að því að skapa öruggara netumhverfi fyrir neytendur og fyrirtæki í ESB. Það skilgreinir skýra ábyrgð á stafrænum samskiptakerfum og samfélagsmiðlum, fjallar um ólöglegt efni og vörur, hatursorðræðu og rangfærslur; auk þess að auka gagnsæi með betri skýrslugjöf og eftirliti.

Að sögn fræðimanna[57] geta aðgerðirnar í ESÞ **talist kærkomin viðurkenning á algengi og skaða kynferðislegs ofbeldis og áreitni á myndrænu formi. KBO er viðurkennt sem eitt af stórum áhættusviðum** ásamt öðrum hættum. Innan yfirsviðs (e. macro area) KBO **er framkvæmdastjórnin nú í því ferli að búa til sértæka flokka[58] sem hluta af „Gagnsæisstilkynningapakkanum“.** Önnur jákvæð þróun innan ESÞ er sú staðreynd að **framkvæmdastjórnin útnefndi þrjá klámvettvanga undir ESÞ (Pornhub, XVideos og Stripchat) sem mjög stór stafræn samskiptakerfi (e. Very Large Online Platforms (MSSS))** í desember 2023.[59] Útnefningunni fylgir aukin ábyrgð varðandi gagnsæi og barnavernd.

## AÐRIR VIÐEIGANDI ESB LAGAGERNINGAR SEM NÁ TIL SOGK ERU:

- **Gervigreindarlögin (AI),**[60] samþykkt af Evrópuþinginu 13. mars 2024. Þótt lögin feli í sér tækifæri til að draga eitthvað úr hættunni sem stafar af misnotkun gervigreindartækni eins og „djúpfalsanir“, þá innihalda þau enga skýra tilvísun til SOGK. Þar að auki er í lögunum einungis vísað til jafnréttis kynjanna almennt. [61]



- **Tilskipun um réttindi þolenda**[62] (tilskipun 2012/29/ESB) em enn er í endurskoðun árið 2024, segir að allir þolendur glæpa (þar á meðal SO) og fjölskyldumeðlimir þeirra skuli viðurkennd og komið fram við þau með virðingu og án mismununar byggt á einstaklingsbundinni nálgun sem er sniðin að þörfum þolanda.



- **Tilskipunin um að koma í veg fyrir og berjast gegn mansali og vernda þolendur þess**[63] (tilskipun 2011/36/ESB)[64] uppfærð í apríl 2024. Endurskoðuð útgáfa lýsir mansali frömdu á eða auðveldað með upplýsinga- og samskiptatækni, þar á meðal internet og samfélagsmiðla, sem íþyngjandi aðstæður þegar það tengist kynferðislegu ofbeldi og áreitni.

- **Almenn gagnaverndarreglugerð**[65] (reglugerð (ESB) 2016/679) tiltekur „rétt til eyðingar“, betur þekkt sem „rétturinn til að gleymast”. Reglugerðin tilgreinir þó engar birtingarmyndir SO heldur veitir hún þolendum SO vernd (t.d. þolendum deilingar á nektar- eða kynferðislegu myndefni án samþykkis) og kveður á um að beita skuli viðurlögum gegn einstaklingnum sem ber ábyrgð á að deila efninu án samþykkis og gegn þeim sem birtir slíkt efni.[66]

# Tilskipunina má líta á sem mikilvægt skref fram á við til að vernda konur og stúlkur betur gegn OGK

## INNAN EINSTAKRA RÍKJA

Sum aðildarríki hafa tekið mikilvæg skref til að koma í veg fyrir og berjast gegn ákveðnum þáttum SOGK á síðustu fimm árum.[67] Til dæmis hefur stafrænt einelti gegn konum og stúlkum verið gert að nýju refsiverðu broti **í Frakklandi**. Samkvæmt **slóvenskri og pólskri** löggjöf er umsátursseinelti bæði stafrænt og í raunheimum refsivert. Á meðan **Ítalía** kynnti nýtt refsivert brot, ólöglega miðlun nektar- eða kynferðislegra mynda eða myndbanda, samþykkti **Austurríki** löggjöf um hatursorðræðu á netinu sem býður upp á ný tæki til að takast á við þetta. Í **Eistlandi** var stofnuð „vefvarðadeild“ innan lögreglunnar sem sérhæfir sig í að takast á við hatursorðræðu og áreitni á netinu, en á **Írlandi** gerir frumvarpið frá 2021 um áreitni, skaðleg samskipti og skyld afbrot hvers kyns miðlun á nektar- eða kynferðislegu myndefni án samþykkis, refsiverð með allt að 10 ára fangelsi.[68] Utan ESB hefur **Bretland** nýlega tekið upp nýjar aðferðir til að gera stafrænar beranir (flashing) og ólöglegt efni í víðara samhengi á netinu refsivert í gegnum netöryggislögin sem fengu konunglegt samþykki árið 2023.[69]

## HELSTU ÁSKORANIR

Eftirfarandi áskoranir varðandi SOGK hafa verið skilgreindar sem:

- **Skortur á meðvitund og vanmat á alvarleika** SOGK eru veigamikil atriði sem stuðla að því að tilvik eru **vantilkynnt**.

- Á alþjóðlegum vettvangi og vettvangi ESB eru **samræmdar skilgreiningar á SOGK enn ekki til staðar**. Af því leiðir að **lagalegar og tölfræðilegar skilgreiningar á SO eru mjög mismunandi** eftir löndum og skipulagsheildum. Þar að auki eru flestar skilgreiningar kynhlutlausar og taka ekki tillit til tengslanna milli stafræns ofbeldis og ofbeldis í raunheimum.

- Með hliðsjón af hraðri tækniþróun, **hafa lagarammar um SOGK tilhneigingu til að úreldast mjög fljótt.**

- Skortur á gögnum um SOGK eykst vegna þeirrar staðreyndar að **fyrirliggjandi gögn eru oft ekki sundurgreind** eftir kyni, aldri, tengslum milli þolanda og geranda, fötlunar eða annarra viðeigandi þátta.

- **Lágt hlutfall kvenna í UST-geiranum stuðlar að skorti á kynjavídd í UST-vörum**, þar á meðal netleikjum og sýndarveruleikasvæðum, þar sem SOGK eykst.

- **Lítil vitund er um SOGK og mismunandi birtingarmyndir þess meðal hlutaðeigandi aðila,** þar á meðal dómara, saksóknara, lögreglu, heilbrigðisstarfsfólks og kennara, sem skortir rétta þjálfun og sérfræðiþekkingu.

- **Samfélagsmiðlar og stafræn samskiptakerfi virka ekki alltaf á áhrifaríkan hátt** til að fjarlægja ólöglegt og skaðlegt efni. **Kvörtunartilkynningarkerfi** stafrænna samskiptakerfa eru ekki alltaf notendavæn með þeim afleiðingum að þolendur vita ekki hvert þeir geta leitað eftir aðstoð.



## GÓÐIR STARFSHÆTTIR TIL AÐ TAKA Á SOGK

**Mismunandi gerðir góðra starfshátta hafa verið skilgreindar innan og utan ESB: Þær síðarnefndu hafa verið flokkaðar út frá umfangi og áherslum. Eitt dæmi fyrir hvern starfshátt má finna hér fyrir að neðan.**

- **Uppbygging færni:** Í Slóveníu voru skipulagðar málstofur og þjálfunarfundir fyrir löggæslumenn og dómara með það að markmiði að auka getu þeirra til að rannsaka og sækja til saka stafrænt ofbeldi gegn stúlkum og konum. Handbók með leiðbeiningum um hvernig eigi að meðhöndla mál vegna SOGK var einnig útbúin, samþykkt og dreift til allra slóvenskra lögreglustöðva og -embætta, saksóknara og dómstóla.[70]

- **Þátttaka innlendra mannréttindastofnanna**: Innlendar mannréttindastofnanir gegna mikilvægu hlutverki í baráttunni gegn SOGK, sérstaklega þegar þær hafa umboð til þess að rannsaka tilfelli hatursorðræðu á netinu. Í Belgíu lagði Jafnréttisstofnunin fram kæru gegn samfélagsmiðlum fyrir að neita að taka niður nektar- eða kynferðislegt myndefni sem dreift var án samþykkis.[71]

- **Forvarnir**: Rannsókn,[72] fjármögnuð af Félagsvísinda- og hugvísindarannsóknarráði (SSHRC) og Canadian Heritage, afhjúpar hvernig valdefling ungmenna með stafræna hæfni (e. digital agencey) geti verið afl gegn sívaxandi flóði rangupplýsinga (e. Disinformation) sem knúið er áfram af „djúpfölsunum“ og gervigreindartækni. Rannsóknin beindist að því hvernig ungt fólk skynjar áhrif „djúpfalsana“ og kannaði getu þeirra og vilja til að vega á áhrifaríkan hátt á móti rangupplýsingum.

- **Þátttaka þolenda**: Reclaim Coalition to End Online Image-based Sexual Violence samtökin[73] leiða saman alþjóðlegt net forystufólks til að flýta fyrir alþjóðlegum viðbrögðum við kynferðisofbeldi með myndefni á netinu, með sameiginlegum verkefnum þvert á málsvara, stefnumótun, tækni og þjónustu við þolendur. Samtökin nota dæmi einstaklinga með eigin þekkingu á stafrænu kynferðisofbeldi sem „sérfræðinga vegna reynslu sinnar“. Samtökin gefa því þolendum og reynslu þeirra rödd.

